



## Akureyrarbær

# Aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar í umhverfis- og loftlagsmálum

Aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar í umhverfis- og loftlagsmálum byggir á samnefndri stefnu sem var samþykkt af bæjarstjórn í maí 2022, [sjá hér](#). Samkvæmt stefnunni eru meginmarkmið bæjarins að ná að lágmarki kolefnishlutleysi og fullum orkuskiptum fyrir árið 2040. Þetta eru háleit markmið sem þarfnast róttækra og beinskreyttra aðgerða.

Þar sem þróun loftslagsmála er hröð er aðgerðaáætlunin sem fylgir stefnunni aðeins til þriggja ára og mikilvægt að endurskoða allar tímasetningar reglulega til að ná settum markmiðum. Jafnframt verður endurskoðun og uppfærsla stefnunnar að taka tillit til tækniþróunar sem og annarra breytinga sem verða í samfélaginu.

Akureyrarbær er nú þegar framúrskarandi sveitarfélag og jafnvel fyrirmynd annarra í umhverfismálum á mörgum sviðum. Það eru hins vegar fjölmörg verkefni fram undan ef samfélagið á að ná settum markmiðum. Það er vissulega á ábyrgð allra að gera betur og framtak einstaklinga skiptir máli en það er þó á ábyrgð yfirvalda að búa til skilyrði fyrir íbúa bæjarins til að lifa eins vistvænu lífi og mögulegt er.

# 47 aðgerðir Akureyrarbæjar í umhverfis- og loftslagsmálum 2024-2026

● Í undirbúningi ● Í framkvæmd ● Aðgerðin að fullu innleidd

<b>1. Hrein orka</b>	1.1 Vistvænni ferðir á vegum Akureyrarbæjar	1.2 Vistvænni mannvirkjagerð	1.3 Orka í samgöngum	1.4 Vistvænt eldsneyti
	1.5 Orkuskipti í Grímsey	1.6 Rafvæðing hafna	1.7 Framtíð án jarðefnaeldsneytis	
<b>2. Breyttar ferðavenjur</b>	2.1 Vistvænar ferðavenjur	2.2 Nýtt stígakerfi	2.3 Samgöngur án einkabíls	2.4 Þétting byggðar
	2.5 Upplýsingar og fræðsla			
<b>3. Úrgangsauðlindin</b>	2.6 Lokun göngugötu og Listagils			
	3.1 Græn innkaup Akureyrarbæjar	3.2 Efla viðhald og lagfæringar	3.3 Stofnun líforkuvers	3.4 Evrópska nýtnivikan
	3.5 Flokkun úrgangs og flokkunartunnur	3.6 Bæta flokkun úrgangs í íbúðum í skammtímaleigu		3.7 Draga úr matarsóun
	3.8 Draga úr fatasóun		3.9 Auka neysluvitund íbúa	
<b>4. Loftgæði &amp; heilsa</b>	4.1 Loftslagsstefna Akureyrarbæjar	4.2 Draga úr myndun svifryks	4.3 Upplýsa íbúa um loftmengun	4.4 Bæta umhirðu gatna
<b>5. Græn svæði &amp; náttúra</b>	5.1 Endurheimt votlendis	5.2 Ágengar plöntur og plöntur á bannlista		5.3 Sérstætt landslag
	5.4 Fræðsluskilti við áhugaverða náttúru	5.5 Efling útivistarsvæða	5.6 Matjurtagarðar Akureyrar	5.7 Græni trefillinn
	5.8 Trjáverndarstefna	5.9 Fuglatalning	5.10 Strandsvæði og fjörur	5.11 Fráveita
<b>6. Umgengi &amp; stjórnsýsla</b>	6.1 Svæðisborg	6.2 Stjórnendaþekking	6.3 Græn skref	6.4 Umhverfi tímafrekra verkefna
	6.5 Geymslusvæði og gámar			
	6.6 LjósMengun	6.7 Rusl á almannafæri	6.8 Menningarsögulegar minjar	6.9 Umgengi í bæjarlandinu
	6.10 Aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga			

# 1. Hrein orka

Aðgerðir í þessum kafla stuðla að aukinni notkun vistvænna orkugjafa og þar af leiðandi samdrætti í notkun olíu. Samkvæmt losunarbókhaldi bæjarins fyrir árið 2020 var heildarlosunin 151.000 tonn CO<sub>2</sub>-íg, þar af 55.000 tonn frá samgöngum á landi. Því er ljóst að orkuskipti í samgöngum eru eitt helsta tækifærið til úrbóta í orkumálum bæjarins. Meginmarkmið bæjarins er að ná fullum orkuskiptum fyrir árið 2040.

Markmið eftirtalinnna aðgerða eru margþætt, en þau eru meðal annars að draga úr losun frá samgöngum og framkvæmdum, bæta loftgæði og lækka kostnað. Auka tækifæri fyrir bæjarbúa til að minnka kolefnisspor sitt og nýta hreina innlenda orkugjafa. Bæta orkunýtni. Auka skilning almennings á mikilvægi orkuskipta í samgöngum. Að orkupörf Grímseyjar verði að fullu mætt á umhverfisvænni máta en nú er gert. Að draga úr brennslu jarðefnaeldsneytis í höfnum bæjarins.

Aðgerðir í þessum kafla tengjast eftirfarandi Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna:



## 1.1. Vistvænni ferðir starfsmanna á vegum Akureyrarbæjar

### 1.1.1. Bifreiðafloti Akureyrarbæjar

**Aðgerð:** Við endurnýjun fólksbifreiða skal eingöngu fjárfesta í bifreiðum sem ganga 100% á hreinum innlendum orkugjöfum.

**Framkvæmd:** Við kaup á nýjum fólksbifreiðum eru eingöngu valdir hreinorkubílar. Ef slíkt er ekki talið mögulegt skal sviðsstjóri gera viðkomandi ráði skýra grein fyrir í hvað viðkomandi bifreið er ætluð og ástæðum þess að viðkomandi lausn er valin.

**Markmið:** 50% af fólksbílaflota sveitarfélagsins verð hreinorkubílar fyrir lok árs 2026. 100% af fólksbílaflota sveitarfélagsins verði hreinorkubílar fyrir lok árs 2030.

**Ábyrgð:** Sviðsstjórar

**Staða:** Unnið er að því að taka saman upplýsingar um bifreiðaflota bæjarins til að meta orkuskiptastöðu flotans. Gert er ráð fyrir að birta upplýsingarnar miðlægt í byrjun árs 2024.

### 1.1.2. Aðkeyptur akstur

**Aðgerð:** Auka notkun á hreinni innlendra orku í aðkeyptum akstri (og þjónustu) bæjarfélagsins.

**Framkvæmd:** Í þjónustukaupum skal óska eftir umhverfisvænustu lausn sem er í boði á hverjum tíma. Við mat á tilboðum skal akstur á hreinni innlendra orku metinn til hækkunar á stigagjöf.

**Markmið:** 50% af aðkeyptum akstri verði á vistvænni orku fyrir lok árs 2026. 100% af af aðkeyptum akstri verði á vistvænni orku fyrir lok árs 2030.

**Ábyrgð:** Sviðsstjórar

**Staða:** Leiðbeinandi texti í útboðslýsingar bæjarins varðandi umhverfiskröfur verður gefinn út til allra sviðsstjóra fyrir mitt ár 2024.

### 1.1.3. Bílaleiga

**Aðgerð:** Við leigu bifreiða skulu starfsmenn alltaf velja þann kost sem gengur fyrir hreinni innlendri orku, sé hann til staðar. Einnig skulu starfsmenn ekki velja stærri bíl en nauðsynlegt er, né með meira vélarafli en þurfa þykir.

**Framkvæmd:** Útbúa leiðbeiningar um val á bílaleigubílum fyrir stjórnendur. Skoða að gera rafbíl að sjálfvöldum kosti hjá þjónustuaðilum.

**Markmið:** 75% leigudaga verði á hreinorkubílum á árinu 2026. 100% leigudaga verði á hreinorkubílum á árinu 2030.

**Ábyrgð:** Sviðsstjórar og fjársýslusvið

**Staða:** Í undirbúningi.

### 1.1.4. Flugferðir á vegum sveitarfélagsins

**Aðgerð:** Greina ástæður flugferða á vegum bæjarins undanfarin ár, meta áframhaldandi þörf og hvort aðrar lausnir en ferðalag séu mögulegar.

**Framkvæmd:** Hvert svið bæjarins taki saman ferðalög starfsmanna á þeirra vegum síðustu tvö ár og meti m.a. út frá því aðra kosti og áætlaða þörf á ferðalögum fram til 2026.

**Markmið:** Að draga úr flugferðum á vegum bæjarins.

**Ábyrgð:** Sviðsstjórar og fjársýslusvið

**Staða:** Í undirbúningi.

### 1.1.5. Fjarfundir

**Aðgerð:** Bæta aðstöðu og búnað til fjarfunda og efla fjarfundafærni starfsmanna bæjarins.

**Framkvæmd:** Útbúa rafrænar leiðbeiningar um fjarfundi og bjóða starfsmönnum fræðslu í góðri fjarfundarmenningu. Sviðsstjórar bera ábyrgð á að koma upp þeirri fjarfundaraðstöðu sem þörf er á.

**Markmið:** Að bærinn sé fyrirmynd í góðri fundarmenningu og sýni gott fordæmi með því að bjóða alla fundi sem eru boðaðir í nafni bæjarins sem fjarfundir. Sömuleiðis að starfsmenn bæjarins leitist eftir því að fundir sem þeir eru boðaðir á séu í boði sem fjarfundir.

**Ábyrgð:** Sviðsstjórar

**Staða:** Í undirbúningi.

## 1.2. Vistvænni mannvirkjagerð

### 1.2.1. Orka í útboðum og kolefnisspor verktaka

**Aðgerð:** Auka notkun á vistvænni orku í verkefnum á vegum sveitarfélagsins.

**Framkvæmd:** Í útboðum skal notkun á vistvænni innlendri orku og lægra kolefnisspor metið til hækkunar í stigagjöf. Í útboðslýsingum verði skýrt hvernig þessi þáttur verði metinn í hverju verki fyrir sig. Því fylgir þessari aðgerð að vinna þarf leiðbeiningar um hvernig þessu mati verði háttað við vinnslu á útboðum.

**Markmið:** Að útboðsgögn verði þannig úr garði gerð að verktakar sjái hag í að lækka kolefnisspor framkvæmda á vegum bæjarins eins og mögulegt er.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs

**Staða:** Í undirbúningi. Leiðbeinandi texti í útboðslýsingar bæjarins varðandi umhverfiskröfur verður gefinn út til allra sviðsstjóra fyrir mitt ár 2024.

### 1.2.2. Orkunýting í samræmi við GCOM

**Aðgerð:** Gera sérstaka skýrslu um orkunotkun þar sem metin verða tækifæri til að bæta orkunýtingu í samræmi við skuldbindingar Akureyrarbæjar með aðild að GCOM.

**Framkvæmd:** Úttekt á orkunotkun þess rekstrar sem tilheyrir A-hluta. Í framhaldi þeirrar úttektar verði útbúin markmið og aðgerðir um bættu orkunýtingu.

**Markmið:** Skýrsla tilbúin fyrir lok árs 2024.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:** Í undirbúningi.

### 1.2.3. Götulýsing

**Aðgerð:** Auka hlutdeild LED götulýsingar í bænum til að draga úr orkunotkun og ljósmengun.

**Framkvæmd:** Við endurnýjun skal velja lausn út frá umhverfisáhrifum og kostnaði ljósstunda.

**Markmið:** Hlutdeild LED í götulýsingu verði a.m.k. 80% fyrir lok árs 2026.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður viðhalds

**Staða:** Í framkvæmd.

### 1.2.4. Vistvottun verklegra framkvæmda

**Aðgerð:** Skipulag, nýbyggingar og önnur ný mannvirki skulu vera umhverfisvottuð samkvæmt BREEAM eða sambærilegum kerfum sé þess kostur.

**Framkvæmd:** Að nýta aðgerðaáætlunartímabilið til 2026 til að útbúa skýr viðmið og verlag um umhverfiskröfur til nýframkvæmda með það fyrir augum að á næsta aðgerðatímabili verði allar nýframkvæmdir umhverfisvottaðar.

**Markmið:** Allar ákvarðanir um skipulag, nýbyggingar og önnur ný mannvirki séu metnar út frá viðmiðum vistvottunarkerfa.

**Ábyrgð:** Skipulagsfulltrúi og sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs

**Staða:** Í undirbúningi.

## 1.3. Orka í samgöngum

### 1.3.1. Hleðslustöðvar

**Aðgerð:** Koma upp fleiri rafhleðslustöðvum fyrir rafbíla í eigu Akureyrarbæjar við starfsstöðvar bæjarins.

**Framkvæmd:** Meta þörf og umfang á rafhleðslustöðvum fyrir rafbíla í eigu Akureyrarbæjar við starfsstöðvar bæjarins. Forgangsraða uppsetningu út frá þörf og kostnaði.

**Markmið:** Fyrir lok árs 2026 verði komnir upp hleðslumöguleikar við helstu starfsstöðvar í samræmi við þörf og forgangsroðun.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður viðhalds

**Staða:** Í framkvæmd.

### 1.3.2. Hleðsla rafbíla

**Aðgerð:** Gera áætlun um uppbyggingu á aðstöðu til hleðslu rafbíla og skilgreina safnstæði á svæðum þar sem nálægur möguleiki á einkahleðslu er ekki til staðar.

**Framkvæmd:** Meta þörf fyrir hleðslustöðvar, hvar möguleg safnstæði geta verið í eldri hverfum sem og gera ráð fyrir slíkum stæðum í skipulagi nýrra hverfa. Forgangsraða uppbyggingu út frá þörf og kostnaði.

**Markmið:** Að fyrir árslok 2026 verði komin upp safnstæði með hleðslustöðvum á a.m.k. 8 nýjum stöðum víðs vegar um bæinn.

**Ábyrgð:** Skipulagsfulltrúi og forstöðumaður viðhalds

**Staða:** Í undirbúningi.



### 1.3.3. Rafvæðing SVA

**Aðgerð:** Hefja innleiðingu á rafmagnsstrætisvögnum.

**Framkvæmd:** Gera áætlun um uppbyggingu hleðsluinnviða og kaup á rafmagnsstrætisvögnum. Hefja á útskipti dísilvagna fyrir rafmagn á áætlunartímabilinu.

**Markmið:** Hleðsluinnviðum verði komið upp og fyrsti rafmagnsstrætisvagninn kominn í umferð fyrir lok árs 2026.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður rekstrardeildar og umhverfismiðstöðvar

**Staða:** Í undirbúningi.

## 1.4. Vistvænt eldsneyti

**Aðgerð:** Auka framboð á vistvænu eldsneyti í sveitarfélaginu. Vinna að Svansvottun vistvæns eldsneytis sem framleitt er á svæðinu.

**Framkvæmd:** Skoða leiðir til að auka framboð og nýtingu á vistvænu eldsneyti, t.d. sem hluta af líforkuveri í Eyjafirði. Halda áfram þeirri vinnu sem nú þegar er hafin í tengslum við Svansvottun metans á Akureyri.

**Markmið:** Að vistvænt eldsneyti verði áfram valkostur sem orkugjafi fyrir íbúa og rekstraraðila í sveitarfélaginu.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sormála og Vistorka

**Staða:** Í undirbúningi

## 1.5. Orkuskipti í Grímsey

**Aðgerð:** Vinna að fjölbreyttum lausnum sem henta til að mæta orkupörf Grímseyjar sem er ótengd meginkerfi landsins.

**Framkvæmd:** Meta komandi þörf fyrir orku og þá kosti sem geta verið staðgenglar núverandi lausnar. Mögulegar lausnir gætu verið í formi vindmylla, sólarsella og að blanda lífdísli við dísilolíu á rafstöðvar.

**Markmið:** Að Grímsey verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2030.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður viðhalds og Vistorka.

**Staða:** Tilraunir með sólar- og vindorku standa yfir.

## 1.6. Rafvæðing hafna

**Aðgerð:** Halda áfram rafvæðingu hafna og skoða möguleikana á að hafa innviðina einnig tilbúna fyrir stærri skip en nú er gert ráð fyrir.

**Framkvæmd:** Halda áfram samstarfi hafnaryfirvalda, veitufyrirtækja og ríkisins um lausnir á stærri tengingum og hagstæðari innkaupum.

**Markmið:** Að komið verði upp landtengingu við Tangabryggju og Torfunefsbyggju a.m.k. 1,5 MW hvor fyrir lok árs 2026.

**Ábyrgð:** Hafnarstjóri

**Staða:** Í undirbúningi

## 1.7. Framtíð án jarðefnaeldsneytis

**Aðgerð:** Búa sveitarfélagið undir framtíð án jarðefnaeldsneytis og hefja samtal við lóðarhafa sölustaða jarðefnaeldsneytis um framtíðarnotkun þeirra svæða sem í dag fara undir slíka starfsemi.

**Framkvæmd:** Gera áætlun um framtíð án jarðefnaeldsneytis í Akureyrarbæ.

**Markmið:** Að áætlun verði tilbúin fyrir lok árs 2025.

**Ábyrgð:** Skipulagsfulltrúi

**Staða:** Í undirbúningi

## 2. Breyttar ferðavenjur

Breyttar ferðavenjur ganga út á að hvetja og gefa íbúum kost á að nýta sér vistvænni ferðamáta, sem og að minnka ferðapörf íbúa. Minni notkun fólksbíla dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnkar umferðarálag, dregur úr viðhaldskostnaði á samgöngumannvirki og minnkar umhverfisáhrif. Efling fjölbreyttra vistvænna ferðamáta mun því ekki einungis hafa í för með sér ávinning fyrir umhverfið heldur einnig fyrir efnahag og lýðheilsu. Að auki stuðlar sú þróun að auknu umferðaröryggi í bænum.

Markmiðið er að stuðla að því að Akureyringar noti vistvæna og hagkvæma ferðamáta og að hjólandi, gangandi og almenningssamgöngur njóti forgangs við skipulag byggða og nýframkvæmda.

Aðgerðir í þessum kafla tengjast eftirfarandi heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna:



### 2.1. Vistvænar ferðavenjur

#### 2.1.1. Ferðavenjur starfsmanna á vinnutíma

**Aðgerð:** Að starfsfólk Akureyrarbæjar nýti virka ferðamáta og almenningssamgöngur innanbæjar þegar það er kostur.

**Framkvæmd:** Hvetja starfsfólk markvisst og reglulega til að hvíla bílinn þegar ferðast á innanbæjar.

**Markmið:** Að starfsfólk bæjarins auki síður á bílaumferð innanbæjar í ferðum á vinnutíma.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður þjónustu og þróunar

**Staða:** Í undirbúningi.

### 2.1.2. Ferðavenjukannanir

**Aðgerð:** Gera árlegar ferðavenjukannanir meðal bæjarbúa og starfsmanna Akureyrarbæjar til þess að mæla árangur í eflingu vistvænni ferðamáta.

**Framkvæmd:** Kannanir gerðar árlega.

**Markmið:** Að fá góða sýn á þróun og ferðamáta með það fyrir augum að bæta mælanleg markmið sem tengjast samgöngum innanbæjar.

**Ábyrgð:** Skipulagsfulltrúi og forstöðumaður þjónustu og þróunar

**Staða:**

### 2.1.3. Hjólaskýli við starfsstöðvar

**Aðgerð:** Setja upp hjólaskýli við starfsstöðvar Akureyrarbæjar.

**Framkvæmd:** Að meta þörf og gera áætlun um uppsetningu hjólaskýla við starfsstöðvar sveitarfélagsins. Hefja á uppsetningu á skólum við skóla og leikskóla og stærri starfsstöðvar bæjarins.

**Markmið:** Að í lok árs 2026 verði komin hjólaskýli við 25% starfsstöðva Akureyrarbæjar þar sem yfir 10 starfsmenn vinna á ársgrundvelli.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs

**Staða:** Í fjárhagsáætlun 2024 er gert ráð fyrir uppsetningu hjólaskýla við tvo skóla.

## 2.2. Nýtt stígakerfi

**Aðgerð:** Halda áfram að innleiða nýtt stígakerfi sem verður hluti af aðalskipulagi, þar sem tengja á göngu- og hjólastíga við útivistarsvæði, nágrannasveitarfélög og fjölsóttu áningarstaði. Sjá „[Stígakerfi Akureyrar](#)“. Aðskilja gangandi og hjólandi umferð á stofnbrautum.

**Framkvæmd:** Forgangsröðun framkvæmda í fyrirhugaðri uppbyggingu stígakerfis skal fyrst og fremst unnin með það að markmiði að auka sem hraðast hlut gangandi og hjólandi sem samgöngumáta.

**Markmið:** Að draga úr bílaumferð og stuðla að bættum og fjölbreyttari samgöngum fyrir þá íbúa sem velja að ferðast ekki um á einkabíl. Jafnframt að ná fram markmiðum bæjarins um byggðaþróun og -mynstur eins og kemur fram í gildandi skipulagi.

**Ábyrgð:** Skipulagsfulltrúi og forstöðumaður nýframkvæmda og viðhalds gatna og stíga

**Staða:** Uppbygging stígakerfisins er í fullum gangi.

## 2.3. Samgöngur án einkabíls

### 2.3.1. Örflæði og deilipjónusta

**Aðgerð:** Gera áætlun til að auka hlutdeild almenningsamgangna, örflæðis og deilipjónustu í samgöngum á Akureyri.

**Framkvæmd:** Setja á fót starfshóp til að taka saman tillögur að verkefnum til að ná auknum breyttum ferðavenjum í bæjarfélaginu. Vinnan taki m.a. til almenningsamgangna, örflæðis og deilipjónustu svo sem fyrir reiðhjól, rafskútur eða rafbíla.

**Markmið:** Auka hlutdeild örflæðis og almenningsamgangna í samgöngum á Akureyri. Starfshópur skili tillögum vorið 2025.

**Ábyrgð:** Skipulagsfulltrúi, forstöðumaður rekstrardeildar og umhverfismiðstöðvar og forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:** Í undirbúningi

### **2.3.2. Endurskoða leiðakerfi SVA og meta biðstöðvar**

**Aðgerð:** Endurskoða leiðakerfi SVA til þess að tryggja gæði þjónustu og stuðla að aukinni notkun. Framtíð strætókerfis á Akureyri í heild metin til að tryggja hagkvæmni og góða þjónustu. Fjölga biðskýlum á kostnað skýlalausra biðstöðva, ásamt því að fjölga upphituðum biðskýlum. Upphitið biðskýli skulu merkt sérstaklega.

**Framkvæmd:** Vinna þarfagreining og endurskoðun á þjónustu SVA sem byggir m.a. á niðurstöðum starfshóps um breyttar ferðavenjur. Meta fjölda þeirra biðstöðva þar sem biðskýli skulu sett upp og forgangsraða uppsetningu. Meta hvar upphitið skýli komi að mestum notum fyrir strætónotendur, sem og gangandi umferð.

**Markmið:** Bæta þjónustu strætókerfisins á Akureyri.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður rekstrardeildar og umhverfismiðstöðvar

**Staða:** Í undirbúningi

### **2.3.3. Frístundastrætó**

**Aðgerð:** Halda áfram þróun á frístundaakstri fyrir börn á Akureyri á milli skóla og frístunda.

**Framkvæmd:** Áframhaldandi þróun á frístundaakstri. Kortleggja hvernig og hvenær frístundastrætó mun keyra, út frá tímasetningum æfinga hverja önn fyrir sig.

**Markmið:** Draga úr skutli foreldra með börn sín í frístundir.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs

**Staða:**

## 2.4. Þétting byggðar

**Aðgerð:** Tryggja að stefnu bæjarins um þéttingu byggðar sé framfylgt, en sú stefna stuðlar að aukinni göngu- og hjólaumferð, og að grunnþjónusta við íbúa sé í göngu/hjóla fjarlægð.

**Framkvæmd:** Fylgja eftir stefnu Akureyrarbæjar um þéttingu byggðar og tryggja að hún viðhaldist í skipulagi komandi ára.

**Markmið:** Að þróun byggðapéttingar á Akureyri sé stöðug og tryggt sé að í skipulagi komandi ára sé þessari þróun viðhaldið.

**Ábyrgð:** Skipulagsfulltrúi

**Staða:**

## 2.5 Upplýsingar og fræðsla

### 2.5.1. Fræðsla

**Aðgerð:** Fræða bæjarbúa reglulega um kosti þess að ganga eða hjóla á milli staða, bæði fyrir umhverfið og heilsuna.

**Framkvæmd:** Fræðsla og upplýsingagjöf með umfjöllun, auglýsingum og átaki á samfélagsmiðlum. Notast verður við Korters appið til að sýna fram á vegalengdir milli staða á Akureyri.

**Markmið:** Styðja við breyttar ferðavenjur í sveitarfélaginu.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála og Vistorka

**Staða:**

### 2.5.2. Alþjóðlegi bíllausi dagurinn

**Aðgerð:** Akureyrarbær taki þátt í alþjóðlega bíllausa deginum 22. september sem hluta af samgönguviku ár hvert.



**Framkvæmd:** Íbúar hvattir sérstaklega til að kynna sér aðra ferðamáta og hvíla bílinn með auglýsingum og átaki á samfélagsmiðlum. Ákveðnum götum lokað og viðburðir í boði í samvinnu við ýmsa aðila.

**Markmið:** Styðja við breyttar ferðavenjur í sveitarfélaginu.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:** Akureyrarbær tekur þátt í samgönguvíkunni ár hvert.

## 2.6. Lokun göngugötu og Listagils

**Aðgerð:** Endurskoða skal reglulega verkreglur um lokanir gatna í miðbænum.

**Framkvæmd:** Nýta skal lokanir á götum, t.d. göngugötunni og listagilinu vegna hverskonar menningarviðburða. Loka skal göngugötunni fyrir bílaumferð á sumrin.

**Markmið:** Draga úr loft- og hávaðamengun og efla mannlíf í miðbænum.

**Ábyrgð:** Skipulagsfulltrúi

**Staða:** Í framkvæmd.

# 3. Úrgangsauðlindin

Til að ná markmiði bæjarins um kolefnishlutleysi er mikilvægt að huga vel að úrgangsmálum. Sveitarfélagið mun vinna að því að draga úr sóun og fyrirbyggja sorpmyndun í gegnum fræðslu og upplýsingagjöf til íbúa og hagrænum hvötum. Einnig skal leitast eftir því að endurnýta vörur og hráefni eins og mögulegt er, með hjálp viðhalds og lagfæringa þar sem það á við. Þetta verður meðal annars gert með því að styðja starfsemi sem stuðlar að aukinni endurnýtingu og viðgerðum.

Markmið þessara aðgerða snúa að því að draga úr myndun sorps með betri nýtingu, sem og að efla flokkun á endurvinnanlegu sorpi og halda bænum snyrtilegum. Bæta þarf nýtingu á lífrænum úrgangi, draga úr urðun og auka framleiðslu á verðmætum afurðum úr þeim úrgangi sem fellur til á svæðinu.

Aðgerðir í þessum kafla tengjast eftirfarandi heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna:



## 3.1. Græn innkaup Akureyrarbæjar

**Aðgerð:** Öll innkaup sveitarfélagsins hafi umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

**Framkvæmd:** Sveitarfélagið fylgi stefnu ríkisins um sjálfbær innkaup í eigin rekstri. Skoðað verði að gera sjálfstæða innkaupastefnu sveitarfélagsins með hliðsjón af stefnu ríkisins og reynslu annarra opinberra aðila.

**Markmið:** Draga úr umhverfisáhrifum innkaupa sveitarfélagsins.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri fjársýslusviðs

**Staða:**

## 3.2. Efla viðhald og lagfæringar

**Aðgerð:** Leggja áherslu á viðhald og lagfæringar í starfsemi bæjarins. Ýta skal undir viðhald og lagfæringar á eigum og eignum íbúa og fyrirtækja.

**Framkvæmd:** Meta hvert tilfelli fyrir sig út frá viðhaldspörf. Íbúar og fyrirtæki verði hvött áfram á þeirra vegferð með auglýsingum og átaki á samfélagsmiðlum.

**Markmið:** Að halda tækjum og tólum lengur í notkun og efla þar með hringrásarhagkerfið.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður viðhalds, forstöðumaður umhverfis- og sorpmála og Vistorka

**Staða:**

## 3.3. Stofnun líforkuvers

**Aðgerð:** Halda áfram vinnu við undirbúning stofnunar líforkuvers í Eyjafirði.

**Framkvæmd:** Akureyrarbær innan vettvangs SSNE komi að stofnun undirbúningsfélags sem mun reka verkefnið áfram.

**Markmið:** Bæta nýtingu á lífrænum úrgangi, draga úr urðun og auka framleiðslu á verðmætum afurðum úr þeim úrgangi sem fellur til á svæðinu.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála og Vistorka

**Staða:** Stofnað hefur verið félagið Líforkugarðar ehf þar sem Akureyrarbær hefur fulltrúa í stjórn.

## 3.4. Evrópska nýtnivikan

**Aðgerð:** Halda áfram þátttöku í evrópsku nýtnivikunni ár hvert.

**Framkvæmd:** Hvatning í formi auglýsinga og átaki á samfélagsmiðlum. Viðburðir haldnir í samvinnu við ýmsa aðila.

**Markmið:** Að draga úr myndun úrgangs með því að hvetja fólk til að nýta hluti betur og lengja með því líftíma þeirra. Nýtnivikan býður um leið upp á skemmtileg tækifæri til samvinnu sveitarfélaga, atvinnulífs og íbúa.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:** Akureyrarbær tekur þátt í evrópsku nýtnivikunni ár hvert.

## 3.5. Flokkun úrgangs og flokkunartunnur

### 3.5.1. Flokkun úrgangs á starfsstöðvum bæjarins

**Aðgerð:** Allar stofnanir Akureyrarbæjar og ípróttafélög með rekstrarsamning við Akureyrarbæ skulu hafa flokkunartunnur á starfsstöðvum sínum, flokka allan úrgang og lágmarka notkun á ílátum undir almennan úrgang, svo sem ruslakörfur undir skrifborðum.

**Framkvæmd:** Allar stofnanir bæjarins komi sér upp flokkunartunnum í viðeigandi flokka, og lágmarki notkun á ílátum undir almennt rusl.

**Markmið:** Að hámarka hlutfall flokkaðs úrgangs sem fellur til í stofnunum bæjarins.

**Ábyrgð:** Sviðsstjórar og forsvarsmenn ípróttafélaga

**Staða:**

### **3.5.2. Flokkun úrgangs meðal verktaka á vegum bæjarins**

**Aðgerð:** Krefja verktaka um flokkun á verkstað í framkvæmdum innan sveitarfélagsins.

**Framkvæmd:** Útbúa leiðbeiningar um flokkun úrgangs á verkstað sem verða afhentar við útboð lóða. Kynningarátak meðal framkvæmdaraðila.

**Markmið:** Að hámarka hlutfall flokkaðs úrgangs sem fellur til í bænum.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

### **3.5.3. Flokkunartunnur**

**Aðgerð:** Fjölga hagnýtum flokkunartunnum í almenningsrými og við helstu útivistarsvæði bæjarins. Sorptunnur fyrir almennan úrgang í bænum málaðar eða skreyttar á skemmtilegan hátt til að hvetja íbúa til að nota flokkunartunnur. Aðgreining sorpíláta fyrir almennan úrgang frá flokkunartunnum með límmiðum sem á stendur „Til urðunar“.

**Framkvæmd:** Finna viðeigandi tunnur og koma fyrir á stöðum þar sem þörf er á. Auglýsingarherferð í gegnum samfélagsmiðla.

**Markmið:** Að efla flokkun á endurvinnanlegum úrgangi og halda bænum sem snyrtilegustum.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

## 3.6. Bæta flokkun í íbúðum í skammtímaleigu

**Aðgerð:** Upplýsa eigendur orlofsíbúða um þá skyldu að úrgangur sé flokkaður í íbúðunum.

**Framkvæmd:** Með auglýsingum og átaki á samfélagsmiðlum. Nýta skal samfélagsmiðla Akureyrarbæjar til að miðla upplýsingum um endurnýtingu og endurvinnslu í bænum. Útbúið verður upplýsingablað um flokkun og grenndarstöðvar sem eigendur orlofsíbúða eða íbúðagistingar geta prentað út og haft til aðgengilegt í íbúðum.

**Markmið:** Að efla flokkun á endurvinnanlegum úrgangi.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála og forstöðumaður atvinnu- og menningarmála

**Staða:** Unnið er að undirbúningi en verkefnið fer af stað þegar nýtt flokkunarkerfi hefur verið innleitt haustið 2024.

## 3.7. Draga úr matarsóun

### 3.7.1. Matarstefna

**Aðgerð:** Móta heildstæða matarstefnu fyrir stofnanir Akureyrarbæjar í samræmi við skuldbindingar bæjarins með aðild að GCoM.

**Framkvæmd:** Meta umfang matreiðslu á vegum bæjarins og samlegðarmöguleika milli starfstöðva. Gera aðgerðaráætlun sem stuðlar að árlega bættum árangri í gæðum, hagkvæmni og minni matarsóun.

**Markmið:** Að stuðla að því að bærinn nái markmiðum sínum í kolefnishlutleysi, auki hagkvæmni og dragi úr matarsóun, ásamt því að stuðla að heilbrigðara mataræði.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

### **3.7.2. Minni matarsóun**

**Aðgerð:** Hvetja til bættrar nýtingar á mat og aukinnar neyslu á mat úr héraði.

**Framkvæmd:** Með auglýsingum og átaki á samfélagsmiðlum. Horfa til átaksins matarsoun.is.

**Markmið:** Draga úr matarsóun ásamt því að auka vitund um umhverfisáhrif matvælaframleiðslu.

**Ábyrgð:** Vistorka

**Staða:**

### **3.7.3. Viðurkenningar fyrir veitingasala - Matarsóunarverkefni**

**Aðgerð:** Koma á viðurkenningakerfinu Leifur Arnar fyrir veitingasala í bænum, í samvinnu við Vistorku, sem snýr að því að flokka allan úrgang, safna notaðri steikingarolíu, og að sporna við því að afgangar fari í ruslið.

**Framkvæmd:** Vottunarkerfi komið á fót og veitingastaðir hvattir til að taka þátt. Sé ákveðnum kröfum mætt getur viðkomandi staður auðkennt sig sem fyrirmyndarstað í samstarfi við bæinn.

**Markmið:** Að úrgangur frá öllum veitingastöðum sé flokkaður, allir veitingastaðir bjóði viðskiptavinum sínum að taka afganga með sér heim og dregið sé úr matarsóun.

**Ábyrgð:** Vistorka

**Staða:**

## 3.8. Draga úr fatasóun

**Aðgerð:** Hvetja íbúa til að lengja líftíma fatnaðar, ásamt því að vekja athygli á umhverfis- og samfélagsáhrifum fatasóunar.

**Framkvæmd:** Íbúum bent á að nýta sér saumastofur bæjarins, vakin athygli á verslunum sem selja notuð föt, halda fataskiptimarkaði og fleira.

**Markmið:** Að lengja líftíma fatnaðar sem bæjarbúar eiga.

**Ábyrgð:** Vistorka og forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

## 3.9. Auka neyslavitund íbúa

**Aðgerð:** Auka skal neyslavitund bæjarbúa og gesta með upplýsingagjöf og fræðslu með það að markmiði að draga úr magni úrgangs og neyslu. Efla vitund um tilvist og tilgang grenndarstöðva og Grænu trektarinnar.

**Framkvæmd:** Með auglýsingum og átaki á samfélagsmiðlum. Nýta samfélagsmiðla Akureyrarbæjar til að miðla upplýsingum um endurnýtingu og endurvinnslu í bænum.

**Markmið:** Að minnka rusl og umframneyslu og efla flokkun á endurvinnanlegu sorpi.

**Ábyrgð:** Vistorka og forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**



## 4. Loftgæði og heilsa

Mikilvægt er að bæta loftgæði á Akureyri þar sem svifryksmengun og útblástur eru með stærri umhverfisvandamálum sem bærinn stendur frammi fyrir. Loftmengun er jafnframt lýðheilsuvandamál en áætlað er að árið 2020 hafi mátt rekja sextíu ótímabær dauðsföll á Íslandi til útblástursmengunar, skv. skýrslu Umhverfisstofnunar Evrópu. Markmið stjórnvalda er að árið 2029 fari svifryk aldrei yfir heilsuverndarmörk af völdum umferðar og því hefur Akureyrarbær verk að vinna.

Markmið aðgerða kaflans er helst að bæta loftgæði í bænum, sem hefur bein áhrif á heilsu íbúa. Auk þess munu aðgerðirnar auðvelda bænum að ná markmiðum sínum í loftlagsmálum og standa við þar að lútandi skuldbindingar sínar. Markmiðið er að auðvelda íbúum og fyrirtækjum í bænum að taka ákvarðanir í samræmi við markmið bæjarins í loftlagsmálum.

Aðgerðir í þessum kafla tengjast eftirfarandi heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna:



### 4.1. Loftlagsstefna Akureyrarbæjar

**Aðgerð:** Gera heildstæða umhverfis- og loftlagsstefnu til 2030 ásamt aðgerðaráætlun til þriggja ára. Hliðsjón er tekin af skuldbindingum bæjarins í GCoM.

**Framkvæmd:** Vinna heildstæða umhverfis- og loftlagsstefnu til 2030 ásamt aðgerðaráætlun fyrir þrjú ár í senn.

**Markmið:** Að auðvelda bænum að ná markmiðum sínum í loftlagsmálum. Að auðvelda íbúum og fyrirtækjum í bænum að taka ákvarðanir í samræmi við kvaðir bæjarins í loftlagsmálum.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs

**Staða:** Stefna samþykkt í bæjarstjórn í maí 2022. Aðgerðaráætlun samþykkt ...

## 4.2. Draga úr myndun svifryks

### 4.2.1. Loftgæðamælar

**Aðgerð:** Minni svifryksmælum komið upp við ákveðna skóla og heilbrigðisstofnanir.

**Framkvæmd:** Meta þörf á fjölda loftgæðamæla til að fá heildarsýn yfir loftgæði í bænum. Auka fjölda mæla eftir þörfum.

**Markmið:** Hafa betri heildarsýn á loftgæði í bænum og tryggja að í mótvægisaðgerðum sé réttum viðbrögðum og forgangsröðun beitt.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:** Komið hefur verið upp minni svifryksmælum við fimm leikskóla og verið er að meta áreiðanleika þeirra.

### 4.2.2. Svifryk og almenningsamgöngur

**Aðgerð:** Þá daga sem svifryk fer yfir heilsuverndarmörk verður fólk hvatt til að leggja bílnum og nýta sér almenningsamgöngur.

**Framkvæmd:** Með auglýsingum og átaki á samfélagsmiðlum. Upplýsingum um árangur er einnig miðlað. Ferðum strætó er hægt að fjölga eins og þarf til að draga úr notkun einkabílsins þessa daga.

**Markmið:** Að minnka svifryk í andrúmslofti þá daga sem hætta er á mikilli svifryksmengun. Gera bæjarbúa meðvitaða um áhrifamátt sinn til að draga úr svifryki í andrúmslofti.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála og forstöðumaður atvinnu- og menningarmála

**Staða:**

### 4.2.3. Vetrardrekk

**Aðgerð:** Íbúar eru hvattir til að nota ekki negld vetrardekk ef mögulegt er. Notendur nagladekkja séu minntir tímalega að vori á að taka þau undan og að sýna biðlund í byrjun vetrar með að setja nagladekkin á.

**Framkvæmd:** Með auglýsingum og átaki á samfélagsmiðlum. Upplýsingum um árangur er einnig miðlað. Tölulegum upplýsingum safnað um nagladekkjanotkun og þær bornar saman milli ára. Akureyrarbær sýnir fordæmi með því að kaupa ekki ný nagladekk á minni bifreiðar bæjarins.

**Markmið:** Að draga úr svifryksmengun og sliti gatna.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála og forstöðumaður atvinnu- og menningarmála

**Staða:**

### 4.2.4. Endurskoða verklagsreglur um viðbrögð við loftmengun

**Aðgerð:** Gerðar verði nýjar verklagsreglur um viðbrögð við loftmengun með möguleika á takmörkun á bílaumferð á ákveðnum götum þá daga sem mikið svifryk er í lofti.

**Framkvæmd:** Gera nýjar verklagsreglur í samstarfi við Vegagerðina og Heilbrigðiseftirlit. Árangur verkefnisins er mældur með því að bera saman svifryksmælingar áður en verkefnið hófst.

**Markmið:** Draga úr loftmengun í bænum. Frá árinu 2026 fari svifryksmengun aldrei yfir heilsuverndarmörk.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:** Komið hefur verið á samstarfi við Vegagerðina og Heilbrigðiseftirlit svæðisins.

## 4.3. Upplýsa íbúa um loftmengun

**Aðgerð:** Upplýsa íbúa um möguleg heilsufarsleg áhrif vegna loftmengunar.

**Framkvæmd:** Með átaki á samfélagsmiðlum.

**Markmið:** Að fólk sé meðvitað um heilsufarsleg áhrif loftmengunar í andrúmslofti og hvernig sé best að bregðast við þegar mengun er mikil.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála og forstöðumaður atvinnu- og menningarmála

**Staða:**

## 4.4. Bæta umhirðu gatna

**Aðgerð:** Auka götusópun, þvott og rykbindingu til að draga úr svifryki í andrúmslofti.

**Framkvæmd:** Meta þörf á aukningu ásamt því að yfirfara núverandi verkferla og samninga.

**Markmið:** Bæta loftgæði og bæta ásýnd bæjarins.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

# 5. Græn svæði og náttúra

Innan Akureyrarbæjar er að finna fjölda náttúruperla sem okkur ber að varðveita. Gott aðgengi að fjölbreyttum útivistar- og náttúrusvæðum eykur lífsgæði bæjarbúa og því er mikilvægt að varðveita og efla útivistar- og náttúrusvæði í bæjarlandinu. Áhersla er lögð á verndun náttúru, jarðmyndana og lífríkis í þeim náttúruperlum sem finna má í bæjarlandinu. Náttúran í kringum okkur er ekki einungis mikilvæg lýðheilsu bæjarbúa, heldur gegna græn svæði mikilvægu hlutverki í markmiði Akureyrarbæjar að ná kolefnishlutleysi þar sem skógar og votlendi eru með helstu kolefnisforðabúrum jarðar.

Markmið þessara aðgerða er að hámarka bindingu kolefnis í bænum, að vernda og viðhalda lífríki svæðisins og stuðla að betri umgengni á viðkvæmum svæðum. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að auka vitund íbúa á sínu næsta umhverfi og stuðla að bættri umgengni um náttúruna.

Aðgerðir í þessum kafla tengjast eftirfarandi heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna:



## 5.1. Endurheimt votlendis

**Aðgerð:** Endurheimta votlendi þar sem það er hentugt, t.d. við Startjörn í Krossanesborgum.

**Framkvæmd:** Kortleggja þau svæði sem hægt er að endurheimta og forgangsraða. Varðveita það votlendi sem er til staðar s.s. við Óshólmana.

**Markmið:** Draga úr losun frá landi sem hefur verið þurrkað upp og ekki nýtt sérstaklega. Um leið að auka virði svæðisins sem náttúru- og útivistarsvæðið í bæjarlandinu.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

## 5.2. Ágengar plöntur og plöntur á bannlista

**Aðgerð:** Vinna markvisst gegn útbreiðslu ágengra plantna t.d. skógarkerfils, alaskalúpínu og bjarnarkló í bæjarlandinu.

**Framkvæmd:** Kortleggja útbreiðslu ágengra plantna á Akureyri og í Hrísey. Halda áfram að vinna gegn dreifingu þeirra.

**Markmið:** Að uppræta óæskilegar plöntur í bæjarlandinu og þær plöntur sem eru á bannlista.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

## 5.3. Sérstætt landslag

**Aðgerð:** Varðveita það landslag innan sveitarfélagsins sem er sérstætt, fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða annars gildis.

**Framkvæmd:** Hefja greiningu og kortlagningu sérstæðs landslags innan bæjarmarka, bæði í þéttbýli og utan þess, og gera ítarlega greinargerð um hvernig hvert og eitt skuli viðhaldið og meðhöndlað.

**Markmið:** Að tryggja aðgengi komandi kynslóða að sérstæðu landslagi innan bæjarins.

**Ábyrgð:** Skipulagsfulltrúi og forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

## 5.4. Fræðsluskilti við áhugaverða náttúru

**Aðgerð:** Fjölga fræðsluskiltum við náttúruperlur, menningarsögulegar minjar og sérstakt landslag.

**Framkvæmd:** Í kjölfar greiningar skal forgangsraða, hanna, smíða og setja upp fræðsluskilti. Leggja áherslu á notkun snjalllausna.

**Markmið:** Að auka vitund íbúa á sínu næsta umhverfi og stuðla að bættri umgengni um náttúruna.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

## 5.5. Efling útivistarsvæða

**Aðgerð:** Efla útivistarsvæði í bæjarlandinu til að auka aðgengi, aðdráttarafli og hámarka nýtingu, t.d. græn svæði í þéttbýli, Kjarnaskóg, Glerárdal, Hlíðarfjall, Óshólma Eyjafjarðarár, Naustaborgir og Krossanesborgir.

**Framkvæmd:** Gera áætlun um eflingu útivistarsvæða í bæjarlandinu.

**Markmið:** Að útivistarsvæði bæjarins séu fjölsóttir og mannbætandi staðir þar sem maður er manns gaman. Mæta fjölbreyttum óskum ólíkra hópa og sérþarfa og þannig fjölga komu sem flestra. Að þróun útivistarsvæða bæjarins sé í samræmi við nútímakröfur og framboð afþreyingar sé það sömuleiðis.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

## 5.6. Matjurtagarðar Akureyrar

**Aðgerð:** Hlúa að Matjurtargörðum Akureyrar og upplýsa bæjarbúa um tilgang og möguleika þeirra.

**Framkvæmd:** Endurhugsa markaðssetningu matjurtagarðanna og hlúa að samfélaginu sem hefur byggst upp í kringum þá. Virkja reynslubolta sem hafa áhuga á að leiðbeina nýjum notendum. Hvetja húsfélög til að koma upp matjurðagörðum á lóðum sínum.

**Markmið:** Gefa fleiri bæjarbúum tækifæri á að rækta sinn garð.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

## 5.7. Græni trefillinn

**Aðgerð:** Halda áfram gróðursetningu Græna trefilsins.

**Framkvæmd:** Haldið áfram með gróðursetningu trjáplantna á svæðinu umhverfis bæinn. Skoðað hvort hægt verði að koma upp skrá um alla



Þá skógrækt sem vaxið hefur upp á árunum 2005-2021. Þessar tölur eru mikilvægar til að fá rauntölur um árlega kolefnisbindingu.

**Markmið:** Að auka skjólsæld og kolefnisbindingu í bæjarlandinu.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

## 5.8. Trjáverndarstefna

**Aðgerð:** Gera trjáverndarstefnu sem tekur til skóga og stakra trjáa í bæjarlandinu.

**Framkvæmd:** Vinna heildstæða trjáverndarstefnu til tuttugu ára ásamt aðgerðum til fimm ára sem tekur m.a. til skipulags og framkvæmd á allri umgengni og meðhöndlun, þ.m.t. plöntun, grisjun og fellingun. Stefnuna skal endurskoða á fimm ára fresti.

**Markmið:** Að hámarka bindingu kolefnis frá trjám í bænum. Að merkileg eða sérstök tré séu ekki feld án formlegs samþykkis.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:** Unnið að nýrri trjáverndarstefnu og stefnt að því að hún verði tilbúin um mitt ár 2024.

## 5.9. Fuglatalning

**Aðgerð:** Vakta fuglalíf í Naustaflóa í Naustaborgum, Krossanesborgum og Óshólmum Eyjafjarðarár með skipulögðum fuglatalningum.

**Framkvæmd:** Gera reglulegar fuglatalningar í samstarfi við viðeigandi aðila.

**Markmið:** Að til séu töluleg gögn um þróun á fjölda fugla og tegundum í bænum sem nýtist í stefnumörkun og aðgerðum.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:** Fuglatalningar eru gerðar reglulega samkvæmt áætlun.

## 5.10. Strandsvæði og fjörur

**Aðgerð:** Halda strandsvæðum og fjörum í bæjarlandinu hreinum og hæfum til útivistar og varðveita þær fjörur sem eru ósnortnar.

**Framkvæmd:** Átak a.m.k. einu sinni á ári um hreinsun alls strandsvæðis bæjarins, þ.m.t. Grímsey og Hrísey. Skilgreina þær fjörur sem teljast ósnortnar sem og þau svæði sem bæjarbúar geta notið strandmenningar og útivistar og gera þau aðgengileg.

**Markmið:** Að strandsvæði séu hrein og aðgengileg, rétt eins og önnur útivistarsvæði bæjarins.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

## 5.11. Fráveita

**Aðgerð:** Vinna að áframhaldandi uppbyggingu á fráveitukerfi bæjarins þannig að það standist umhverfiskröfur. Fræða íbúa um hvað má og hvað má ekki fara í fráveitukerfið.

**Framkvæmd:** Fylgja núverandi áætlun um uppbyggingu kerfisins á Akureyri ásamt Hrísey og Grímsey og vinna að framtíðarskipulagi til þess að uppfylla auknar kröfur tilvonandi reglugerðar um fráveitur. Upplýsingum um fráveitu komið til íbúa með átaki á samfélagsmiðlum.

**Markmið:** Að fyrir lok árs 2026 verði tilbúin áætlun um uppbyggingu í fráveitumálum sem muni uppfylla auknar kröfur.

**Ábyrgð:** Norðurorka og sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs.

**Staða:**

# 6. Umgengni og stjórnsýsla

Akureyri hefur ávallt staðið framarlega þegar kemur að umhverfis- og loftlagsmálum, því er gríðarlega mikilvægt að viðhalda þessari fyrirmyndarstöðu og gera enn betur. Bærinn er einnig þekktur sem útivistarparadís en til að viðhalda því orðspori er mikilvægt að ganga vel um bæinn og halda honum hreinum og snyrtilegum.

Markmið þessara aðgerða er helst að viðhalda stöðu Akureyrar sem fyrirmyndarbær í umhverfis- og loftlagsmálum. Enn fremur snúast aðgerðirnar um að tryggja að bærinn sé hreinn og snyrtilegur.

Aðgerðir í þessum kafla tengjast eftirfarandi heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna:



## 6.1. Svæðisborg

**Aðgerð:** Útbúa áætlun í samstarfi við SSNE og SSNV um hvernig Akureyri geti stutt við og átt í samstarfi við önnur sveitarfélög í umhverfis- og loftlagsmálum.

**Framkvæmd:** Í samræmi við sáttmála ríkisstjórnarinnar frá 2021 um svæðisborgarhlutverk Akureyrar sem stærsta þéttbýliskjarna landsbyggðarinnar verði gerð viðeigandi áætlun.

**Markmið:** Að Akureyri sé fyrirmynd í umhverfis- og loftlagsmálum og sé meðvituð um hlutverk sitt sem slík.

**Ábyrgð:** Bæjarstjóri og forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

## 6.2. Stjórnendabekking

**Aðgerð:** Allir stjórnendur sem í ákvörðunum sínum þurfa að taka tillit til umhverfis- og loftlagsstefnu bæjarins fái greinargóða fræðslu um stefnuna og verkferla sem henni tengjast. Slík fræðsla þarf að vera þvert á öll svið.

**Framkvæmd:** Setja saman fræðslupakka sem er hnitmiðaður og athyglisverður. Nýta þá fræðslu sem er í boði í gegnum LOFTUM fræðsluverkefni Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar.

**Markmið:** Að starfsfólk hafi umhverfis- og loftlagsstefnu bæjarins að leiðarljósi í sinni vinnu og séu nógu vel upplýstir til að geta unnið samkvæmt henni.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála og Vistorka

**Staða:**

## 6.3. Græn skref

**Aðgerð:** Akureyrarbær tekur þátt í Grænum skrefum SSNE.

**Framkvæmd:** Halda áfram þátttöku í tilraunaverkefninu og taka græn skref á öllum starfsstöðvum bæjarins ef verkefnið heldur áfram.

**Markmið:** Að gera rekstur bæjarins umhverfis- og loftslagsvænni.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:** Ráðhúsið og Amtsbókasafnið eru þátttakendur í verkefninu.

## 6.4. Umhverfi tímafrekra framkvæmda

**Aðgerð:** Vekja athygli á góðri umgengni framkvæmdaraðila við tímafrekar og umfangsmiklar framkvæmdir. Veita þeim framkvæmdaraðilum sem skara fram úr viðurkenningu fyrir fyrirmyndarumgengni á verkstað.

**Framkvæmd:** Gera matskvarða sem framkvæmdastaðir eru metnir eftir, t.d. vel máluð skilrúm sem umlykja framkvæmdasvæði, daglegan snyrtilegan frágang véla og tækja, gætilega og snyrtilega umgengni um nálæg mannvirki og náttúru og á margan annan máta. Útbúa innrammaðar viðurkenningar sem viðkomandi verktakar fá afhentar.

**Markmið:** Að lágmarka neikvæða sjónræna upplifun bæjarbúa við framkvæmdum verktaka sem taka margar vikur og mánuði og hafa umtalsvert rask í för með sér. Að skapa hvata fyrir verktaka til að lágmarka neikvæða sjónræna upplifun bæjarbúa vegna framkvæmda sinna.

**Ábyrgð:** Byggingarfulltrúi og forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**

## 6.5. Geymslusvæði og gámar

**Aðgerð:** Skoða að koma upp vöktuðu geymslusvæði fyrir lausamuni. Auka eftirlit með gámum sem standa innan Akureyrarbæjar.

**Framkvæmd:** Kanna möguleika á að koma upp vöktuðu geymslusvæði í bænum fyrir almenning og fyrirtæki til að geyma ökutæki, vagna, vinnuvélar, gáma og aðra lausamuni. Auka eftirlit með gámum sem standa í bænum og innheimtu stöðugjalda og skoða að setja reglur um gáma og stöðuleyfi í landi Akureyrarbæjar.

**Markmið:** Að Akureyri sé snyrtilegur bær og að bæjarbúar og rekstraraðilar gangi vel um.

**Ábyrgð:** Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs og byggingarfulltrúi

**Staða:**

## 6.6. Ljósmengun

**Aðgerð:** Draga úr ljósmengun og bæta myrkurgæði á Akureyri. Ljósgeislar uppsettrar lýsingar vísi á það sem á að lýsa upp en ekki til hliðar eða upp í himinhvolfið.

**Framkvæmd:** Uppfæra Ljósvistarskipulag bæjarins og gera kynningarátak meðal verktaka og hönnuða.

**Markmið:** Auka myrkurgæði og draga úr ljósmengun.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður viðhalds

**Staða:** Unnið er að uppfærslu Ljósvistarskipulags.

## 6.7. Rusl á almannafæri

**Aðgerð:** Vitundarvakning um að henda ekki rusli á almannafæri eða láta ekki sitt eftir liggja. Bæta umgengni og flokkun á stórum menningar- og íþróttaviðburðum.

**Framkvæmd:** Með átaki á samfélagsmiðlum. Bærinn tekur virkan þátt í Plokkdeginum á ári hverju og hvetur íbúa til að taka þátt. Gera kröfu um góða umgengni og flokkun á stórum menningar- og íþróttaviðburðum.

**Markmið:** Að Akureyri sé snyrtilegur bær og að bæjarbúar og gestir gangi vel um.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála og forstöðumaður atvinnu- og menningarmála

**Staða:**

## 6.8. Menningarsögulegar minjar

**Aðgerð:** Vernda menningarsögulegar minjar, náttúruminjar og náttúruvætti sem stafar hættu af áhrifum loftslagsbreytinga.

**Framkvæmd:** Hefja kortlagningu á þeim menningarsögulegu minjum og náttúruminum sem stafar hættu af áhrifum loftslagsbreytinga. Gera áætlun um varðveislu þeirra.

**Markmið:** Að vernda menningarsögulegar minjar innan sveitarfélagsins og aðgengi komandi kynslóða að þeim.

**Ábyrgð:** Skipulagsfulltrúi og forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:**



## 6.9. Umgengni í bæjarlandinu

**Aðgerð:** Hafa virkt eftirlit með fasteignum og lóðum í bænum og tryggja að þeim sé haldið hreinum og snyrtilegum.

**Framkvæmd:** Akureyrarbær sýni gott fordæmi og taki til á sínum eigin lóðum (númeralausir bílar, lausamunir o.þ.h.). Íbúar og fyrirtæki hvött til að fylgja fordæmi bæjarins. Auka eftirlit með umgengni í kringum nýframkvæmdir og þegar komið er á eða farið af framkvæmdastað og gera kröfu um að rekstraraðilar gangi snyrtilega um lóðir sínar. Gera átak í að láta fyrirtæki og einstaklinga virða lóðamörk. Leggja til að farið verði í endurskoðun á samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

**Markmið:** Að Akureyri sé snyrtilegur bær og að bæjarbúar og rekstraraðilar gangi vel um.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála, framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits og skipulagsfulltrúi

**Staða:**

## 6.10. Aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga

**Aðgerð:** Gerð verði aðgerðaráætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum.

**Framkvæmd:** Akureyrarbær tekur þátt í verkefninu *Aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga* (aðgerð C.10 í byggðaaáætlun). Þá verði farið í gerð aðgerðaráætlunar sem byggir á kortlagningu á helstu áhættuþáttum vegna loftslagsbreytinga og leiðir til aðlögunar. Horft verði sérstaklega til hækkunar yfirborðs sjávar, úrkomu og flóða, ofsaveðurs og fárviðris, lífríkis og gróðurfars.

**Markmið:** Að auka aðlögunargetu Akureyrarbæjar að áhrifum og afleiðingum loftslagsbreytinga og draga úr neikvæðum áhrifum þeirra á samfélagið.

**Ábyrgð:** Forstöðumaður umhverfis- og sorpmála

**Staða:** Fyrsta vinnustofa vegna verkefnisins var haldin í nóvember 2023.